



AGAREGLUR YNGRI FLOKKA HATTAR Í KNATTSPYRNU

Regla 1

Iðkanda ber að hlusta á þjálfara og fara eftir fyrirmælum hans.

Regla 2

Iðkanda ber að koma fram við þjálfara, dómara og aðra iðkendur af kurteisi og virðingu.

Fari iðkandi ekki eftir ofangreindum reglum skulu þjálfara beita neðangreindum viðurlögum.

Viðurlög 1

Þjálfari vísar iðkanda á bekkinn þar sem hann skal bíða, þar til að þjálfari heimilar honum að taka aftur þátt.

Samskipti við foreldra - Kallar ekki á nein samskipti við foreldra af hálfu þjálfara.

Viðurlög 2

Þjálfari vísar iðkanda af æfingu en iðkanda er heimilt að koma á næstu æfingu.

Samskipti við foreldra - Þjálfari lætur foreldra vita, með tölvupósti eða stuttu símtali, en ekki er þörf á ítarlegum umræðum á milli foreldra og þjálfara.

Viðurlög 3

Iðkanda er vísað af æfingu og fær ekki að taka þátt í næstu æfingu á eftir. Eftir það er hann velkominn.

Samskipti við foreldra - Þjálfari ræðir ítarlega við foreldra varðandi agamál iðkanda.

Komi til síendurtekinnna hegðunarvandamála iðkandans getur hann fyrirgert rétti sínum til æfinga og keppni á vegum Hattar.



Tilmæli til foreldra

- Foreldrar virði ákvarðanir þjálfara og reyni að stilla samskiptum utan æfingátíma í hóf. Rétt er að foreldrar hafi í huga að þjálfarar eru starfsmenn knattspyrnudeildar Hattar og vinnutími þeirra gerir ekki ráð fyrir löngum einkafundum eða símtölum utan æfingátíma.
- Þjálfarar bera einir ábyrgð á skipulagi og framkvæmd æfing. Þeir bera jafnframt einir ábyrgð á skipulagi og uppstillingum leikmanna fyrir keppni. Foreldrar eru beðnir að virða það.
- Að mótum og í leikjum eiga foreldrar að vera í áhorfendastæðum, en ekki á hliðarlínu hjá þjálfurum og varamönnum.
- Hafi foreldrar athugasemdir varðandi starfið þá ber þeim að snúa sér til tengla viðkomandi flokks.